

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Bitra, þjónustumiðstöð, L223928.

Um er að ræða breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Bitru, þjónustumiðstöð, L223928. Gildandi deiliskipulag gerði ráð fyrir um 5.000 m² þjónustumiðstöð. Með breytingunni er áætlað að bæta við allt að 3.500 m² og verður þá hótél- og þjónustumiðstöð samanlagt allt að 8.500 m². Starfsemi verður rekstur hótels með allt að 250 herbergjum, ásamt þjónustu við vegfarendur og gesti, veitingasala, veislusalir, möguleg aðstaða til norðurljósaskoðunar, verslun og minniháttar eldsneytissala.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. ágúst 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. ágúst 2020